



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn- 23. janúar 2017

Efni: Kirkjuvegur 8b, fyrirspurn, 1701293

Þann 20. janúar 2017 leggur Már Sveinbjörnsson inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarráðs fyrir hönd eigenda Kirkjuvegur 8b.

Komið er að viðgerðum og viðhaldi á húsinu. Samfara framkvæmdunum er óskað eftir að gera breytingar á húsinu, hækka það og stækka ásamt því að fjölga íbúðum.

Við norðausturgafli er möguleiki til stækkunar á húsinu sem nemur 3 – 4 m út í lóð. Fyrirhuguð viðbygging tæki mið af því sem fyrir er. Við endurnýjun á þakkanti yrði hann færður og þak hækkað sem nemur 1 m og skorsteinn fjarlægður.

Kirkjuvegur 8b er sérstakt í formi og lögun þar sem vel má greina fíngerðan mælikvarða. Húsið er áberandi í götummynd Kirkjuvegur sem og við Hellisgötu. Götummynd að Hellisgötu ber þess augljós merki að spegla átti húsinu í upphafi þar sem brandgafli setur svip sinn á umhverfið. Vel færi á að stækka húsið um 3-4 metra við umræddan brandgafli. Með því kæmist heildarmynd á Kirkjuveg 8b. Líkt og fram kemur í fyrirspurninni er mikilvægt að viðbyggingin taki mið af því sem fyrir er hvað varðar form og efnisval sem og gluggagerð.

Hvað snertir hækkun þaksins ber að fara varlega. Hækkun þaks um 1 meter mun riðla þeim hlutföllum sem nú eru í húsinu. Skoða þarf tilfærslu á þakkanti og hvernig slík breyting getur haft áhrif á heildarmynd Kirkjuvegur 8b. Sé tekið mið af að þak hússins er hækkað sem nemur 0,4 m, úr 2,6 m frá gólfplötu í 3 m frá gólfplötu efri hæðar, eru nýtanlegir fermetrar í risi um 20 m². Viðbygging við húsið, allt að 56 m² brúttó, ásamt risi geta gefið um 70 m² stækkun. Húsið er nú 180,7 m², nhl. 0,64. Með stækkun getur stærð hússins orðið allt að 250 m², nhl. 0,88. Vel má gera tvær góðar íbúðir í húsinu og skal vera eitt bílastæði pr. íbúð innan lóðar. Mögulegt er að koma fyrir gluggum í þakfleti en ekki kvisti.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er Kirkjuvegur hverfisverndaður. Þar segir: Landfræðileg lega Kirkjuvegur ásamt sögulegum uppruna götunar, og tengslum hennar við miðbæ Hafnarfjarðar gerir hana verðuga til hverfisverndunar. Hús við götuna bera skemmtileg einkenni byggingarhefðar á Íslandi frá 1900-2000. Hverfisverndarákvæði: *Við allar endurbætur, lagfæringar og viðbyggingar ber að taka mið af hlutföllum og formi mannvirkja. Gæta skal að því að efnisval og frágangur endurbóta og viðbygginga taki mið af upprunalegu útliti og verklagi viðkomandi mannvirkis. Ef viðbyggingar eða stækkanir eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi, skal huga að samræmi við aðliggjandi mannvirki og götummynd í heild sinni.*

Í ljósi ofangreindra ber að fara varlega í allar breytingar á húsinu.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt